

ÁKVÖRÐUN FRAMKVÆMDASTJÓRNARINNAR

2013/EES/14/10

frá 15. apríl 2010

um samþykki á landsráðstöfunum til að takmarka áhrif tiltekinna sjúkdóma í lagareldisdýrum og villtum lagardýrum í samræmi við 43. gr. tilskipunar ráðsins 2006/88/EB (*)

(tilkynnt með númeri C(2010) 1850)

(2010/221/ESB)

FRAMKVÆMDASTJÓRN EVRÓPUSAMBANDSINS HEFUR,

með hliðsjón af sáttmálanum um starfshætti Evrópusambandsins,

með hliðsjón af tilskipun ráðsins 2006/88/EB frá 24. október 2006 um heilbrigðiskröfur að því er varðar lagareldisdýr og afurðir þeirra og um forvarnir og varnir gegn tilteknum sjúkdómum í lagardýrum ⁽¹⁾, einkum 2. mgr. 43. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

- 1) Í ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 2004/453/EB frá 29. apríl 2004 um framkvæmd tilskipunar ráðsins 91/67/EBE að því er varðar ráðstafanir gegn tilteknum sjúkdómum í lagareldisdýrum ⁽²⁾ er sjúkdómslaus staða tiltekinna aðildarríkja eða hluta þeirra viðurkennd að því er varðar vorveiru í vatnakarpa (SVC), nýrnaveiki (BKD), brisdrep (IPN) og sýkingu af völdum roðflyðrusnikils (GS) (viðurkennd sjúkdómslaus svæði), og varnar- eða útrýmingaráætlanir að hálfu tiltekinna aðildarríkja (samþykktar varnar- eða útrýmingaráætlanir) samþykktar að því er varðar vorveiru í vatnakarpa, nýrnaveiki og brisdrep.
- 2) Aðildarríki, sem eru með viðurkennd sjúkdómslaus svæði eða samþykktar varnar- eða útrýmingaráætlanir samkvæmt ákvörðun 2004/453/EB, geta krafist viðbótarábyrgða vegna sendinga af lifandi lagareldisfiski af tegundum sem eru smitnæmar fyrir viðkomandi sjúkdómum, sem eru ætlaðar til eldis, sem á að flytja inn á þessi svæði. Þessar viðbótarábyrgðir fela í sér þá kröfu að sendingarnar séu upprunnar á svæði þar sem heilbrigðisástandið er sambærilegt og á viðtöku-staðnum.
- 3) Tilskipun 2006/88/EB fellir úr gildi og kemur í stað tilskipunar ráðsins 91/67/EBE frá 28. janúar 1991 um skilyrði á sviði heilbrigðis dýra sem hafa áhrif á markaðssetningu fiskeldistegunda og -afurða ⁽³⁾. Hins vegar er í tilskipun 2006/88/EB kveðið á um að ákvörðun 2004/453/EB gildi áfram að því er varðar tilskipun 2006/88/EB, á meðan beðið er samþykktar á nauðsynlegum ákvæðum í samræmi við þá tilskipun, sem á að samþykkja eigi síðar en þremur árum eftir gildistöku hennar.
- 4) Í 43. gr. tilskipunar 2006/88/EB er kveðið á um að aðildarríki geti gripið til ráðstafana til að koma í veg fyrir að sjúkdómar, sem ekki eru skráðir í II. hluta IV. viðauka við tilskipunina, sem skapa verulega áhættu fyrir heilbrigðisástand lagareldisdýra eða villtra lagardýra í því aðildarríki, berist þangað eða til að verjast þeim. Þessar ráðstafanir mega ekki fara yfir mörk þess sem er viðeigandi og nauðsynlegt til að koma í veg fyrir að slíkir sjúkdómar berist eða breiðist út.
- 5) Þau aðildarríki sem hafa fengið heimild til að krefjast viðbótarábyrgða samkvæmt ákvörðun 2004/453/EB hafa látið framkvæmdastjórninni í té upplýsingar um sjúkdómsástand að því er varðar þá sjúkdóma sem sjúkdómslaus svæði þeirra eru viðurkennd sem laus við eða eru með samþykktar varnar- eða útrýmingaráætlanir fyrir. Þau hafa sýnt fram á að það er viðeigandi og nauðsynlegt að framfylgja landsráðstöfunum áfram í formi krafna varðandi setningu á markað, innflutning og umflutning, í samræmi við 43. gr. tilskipunar 2006/88/EB.
- 6) Þar af leiðandi skal heimila þeim aðildarríkjunum, sem hafa fengið heimild til að krefjast viðbótarábyrgða, í samræmi við ákvörðun 2004/453/EB, vegna aðflutnings á lagareldisdýrum af smitnæmum tegundum inn á viðurkennd sjúkdómslaus svæði eða svæði sem falla undir samþykktar varnar- eða útrýmingaráætlanir, að beita þessum ráðstöfunum áfram sem landsráðstöfunum sem eru samþykktar í samræmi við 43. gr. tilskipunar 2006/88/EB.

(*) Þessi EB-gerð birtist í Stjtið. ESB L 98, 20.4.2010, bls. 7. Hentar var getið í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 61/2011 frá 1. júlí 2011 um breytingu á I. viðauka (Heilbrigði dýra og plantna) við EES-samninginn, sjá EES-viðbætur við Stjórnartíðindi Evrópusambandsins, nr. 54, 6.10.2011, bls. 13.

⁽¹⁾ Stjtið. ESB L 328, 24.11.2006, bls. 14.

⁽²⁾ Stjtið. ESB L 156, 30.4.2004, bls. 5.

⁽³⁾ Stjtið. EB L 46, 19.2.1991, bls. 1.

- 7) Auk þess hefur Finnland veitt upplýsingar sem styðja þá niðurstöðu að það sé ekki lengur nauðsynlegt að líta á tiltekin vatnasvið sem sóttvarnabelti til að vernda sjúkdómslausu stöðuna að því er varðar vorveiru í vatnakarpa og brisdrep.
- 8) Til að einfalda löggjöf Sambandsins skulu sértækar kröfur varðandi setningu á markað, innflutning og umflutning á sendingum lagareldisdýra og villtra lagardýra, sem eru ætluð fyrir svæði sem falla undir samþykktar landsráðstafanir, koma fram í ákvæðunum og fyrirmyndum að dýraheilbrigðisvottorðunum, sem mælt er fyrir um í reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 1251/2008 frá 12. desember 2008 um framkvæmd tilskipunar ráðsins 2006/88/EB að því er varðar skilyrði og kröfur um útgáfu heilbrigðisvottorða við setningu lagareldisdýra og afurða þeirra á markað og innflutning þeirra í Bandalagið og um skrá yfir tegundir smitferja ⁽¹⁾.
- 9) Landsráðstöfununum, sem eru samþykktar með þessari ákvörðun, skal einungis beitt svo lengi sem þær eru viðeigandi og nauðsynlegar. Því skulu aðildarríkin senda framkvæmdastjórninni árlega skýrslu um framkvæmd landsráðstafananna.
- 10) Leiki grunur á að viðkomandi sjúkdóm sé að finna á svæðum, sem eru skráð sem sjúkdómslaus í I. viðauka við þessa ákvörðun, ber að rannsaka það og meðan á rannsókn stendur skal beita takmörkunum á flutninga til að vernda önnur aðildarríki með samþykktar landsráðstafanir að því er varðar sama sjúkdóminn. Auk þess skal tilkynna framkvæmdastjórninni og öðrum aðildarríkjum um öll síðari sjúkdómstilfelli sem eru staðfest til að auðvelda nauðsynlegt endurmat á samþykktum landsráðstöfunum.
- 11) Útrýmingaráætlanirnar ættu að leiða til umbóta á sjúkdómsástandinu innan hæfilegs tíma. Á seinni helmingi ársins 2011 skal endurmeta sjúkdómsástandið á svæðunum, sem falla undir slíkar áætlanir, og hvort landsráðstafanirnar séu enn viðeigandi. Þar af leiðandi skal í þessari ákvörðun kveðið á um að þessar ráðstafanir gildi einungis til 31. desember 2011.
- 12) Til að tryggja gagnsæi í löggjöf Sambandsins skal fella ákvörðun 2004/453/EB úr gildi með ótvíræðum hætti.
- 13) Til að komast hjá röskun á viðskiptum skal heimilt að setja sendingar lagareldisdýra, sem hafa meðfylgjandi dýraheilbrigðisvottorð sem er gefið út í samræmi við III. viðauka við ákvörðun 2004/453/EB, á markað til 30. júní 2010 með sérstökum skilyrðum.

- 14) Ráðstafanirnar, sem kveðið er á um í þessari ákvörðun, eru í samræmi við álit fastanefndarinnar um matvælaferlið og heilbrigði dýra.

SAMÞYKKT ÁKVÖRÐUN ÞESSA:

1. gr.

Efni og gildissvið

Með þessari ákvörðun eru samþykktar landsráðstafanirnar aðildarríkja, sem eru skráð í I. og II. viðauka við hana, til að takmarka áhrif tiltekinna sjúkdóma í lagareldisdýrum og villtum lagardýrum í samræmi við 2. mgr. 43. gr. tilskipunar 2006/88/EB.

2. gr.

Samþykki fyrir tilteknum landsráðstöfunum til að takmarka áhrif tiltekinna sjúkdóma sem eru ekki skráðir í II. hluta IV. viðauka við tilskipun 2006/88/EB.

1. Þau aðildarríki og hlutar þeirra sem eru skráð í öðrum og fjórða dálki töflunnar í I. viðauka skulu teljast laus við sjúkdómana sem eru skráðir í fyrsta dálki töflunnar (sjúkdómslaus svæði).

2. Þau aðildarríki sem um getur í 1. gr. mega krefjast þess að eftirfarandi sendingar, sem eru fluttar inn á sjúkdómslaust svæði, uppfylli þær kröfur sem settar eru fram í a- og b-lið að því er varðar þá sjúkdóma sem það telst vera laust við:

a) lagareldisdýr sem eru ætluð til eldis, á umlagningarsvæði, í sleppivötn, í opna aðstöðu fyrir skrautlagardýr og til endurnýjunar stofna þurfa að uppfylla:

i. kröfurnar varðandi setningu á markað sem mælt er fyrir um í 8. gr. a í reglugerð (EB) nr. 1251/2008,

ii. kröfurnar varðandi innflutning sem mælt er fyrir um í 10. gr. reglugerðar (EB) nr. 1251/2008,

iii. kröfurnar varðandi umflutning og geymslu sem mælt er fyrir um í 16. gr. reglugerðar (EB) nr. 1251/2008,

⁽¹⁾ Stjóð. ESB L 337, 16.12.2008, bls. 41.

- b) skrautlagardýr sem eru ætluð í lokaða aðstöðu fyrir skrautlagardýr þurfa að uppfylla:
- kröfurnar varðandi innflutning sem mælt er fyrir um í 11. gr. reglugerðar (EB) nr. 1251/2008,
 - kröfurnar varðandi umflutning og geymslu sem mælt er fyrir um í 16. gr. reglugerðar (EB) nr. 1251/2008.

3. gr.

Samþykki fyrir landsbundnum útrýmingaráætlunum sem varða tiltekna sjúkdóma sem eru ekki skráðir í II. hluta IV. viðauka við tilskipun 2006/88/EB.

- Þær útrýmingaráætlanir, sem eru samþykktar af þeim aðildarríkjum sem eru skráð í annan dálk töflunnar í II. viðauka, fyrir þá sjúkdóma sem eru skráðir í fyrsta dálk þessarar töflu, að því er varðar þau svæði sem eru skráð í fjórða dálk töflunnar (útrýmingaráætlanir), eru samþykktar.
- Á tímabili sem stendur til 31. desember 2011 er þeim aðildarríkjum sem eru skráð í töfluna í II. viðauka heimilt að krefjast þess að sendingar lagareldisdýra, sem um getur í a- og b-lið 2. mgr. 2. gr., sem eru fluttar inn á svæði sem fellur undir útrýmingaráætlun, uppfylli kröfurnar sem settar eru fram í þessum liðum að því er varðar sjúkdómana sem falla undir þá útrýmingaráætlun.

4. gr.

Skýrslugjöf

- Eigi síðar en 30. apríl ár hvert skulu aðildarríkin, sem eru skráð í I. og II. viðauka, leggja skýrslu fyrir framkvæmdastjórnina um samþykktu landsráðstafanirnar sem um getur í 2. og 3. gr.
- Skýrslan, sem kveðið er á um í 1. gr., skal a.m.k. innihalda uppfærðar upplýsingar um:
 - verulega áhættu sem sjúkdómarnir, sem falla undir landsráðstafanirnar, hafa í för með sér fyrir heilbrigðisástand lagareldisdýra eða villtra lagardýra og hvort þessar ráðstafanir séu nauðsynlegar og viðeigandi,
 - landsráðstafanir sem gripið er til í því skyni að viðhalda sjúkdómsslausri stöðu, þ.m.t. allar framkvæmdar prófanir; veita skal upplýsingar varðandi slíkar prófanir með því að nota fyrirmynd að eyðublaði sem sett er fram í VI. viðauka við ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 2009/177/EB⁽¹⁾,
 - þróun útrýmingaráætlunarinnar, þ.m.t. allar framkvæmdar prófanir; veita skal upplýsingar varðandi slíkar prófanir með því að nota fyrirmynd að eyðublaði sem sett er fram í VI. viðauka við ákvörðun 2009/177/EB.

5. gr.

Grunur um og greining á sjúkdómum á sjúkdómsslausum svæðum

- Ef grunsemdir vakna í aðildarríki, sem er skráð í I. viðauka við þessa ákvörðun, um að sjúkdómur sé fyrir hendi á svæði, sem er skráð sem sjúkdómsslaust svæði að því er varðar þann sjúkdóm í þeim viðauka, skal aðildarríkið grípa til ráðstafana sem eru a.m.k. jafngildar þeim sem mælt er fyrir um í 28. gr., 29. gr. (2., 3. og 4. mgr.) og 30. gr. tilskipunar 2006/88/EB.
- Ef dýrafarsóttarrannsóknir staðfesta greiningu sjúkdómsins sem um getur í 1. mgr. skal hlutaðeigandi aðildarríki upplýsa framkvæmdastjórnina og hin aðildarríkin um það og um allar ráðstafanir sem gripið er til í því skyni að hindra þennan sjúkdóm og verjast honum.

6. gr.

Niðurfelling

Ákvörðun 2004/453/EB er felld úr gildi.

Líta ber á tilvísanir í niðurfelldu ákvörðunina sem tilvísanir í þessa ákvörðun.

7. gr.

Umbreytingarákvæði

Á umbreytingartímabili sem stendur til 31. júlí 2010 er heimilt að setja sendingar lagareldisdýra, sem hafa meðfylgjandi dýraheilbrigðisvottorð í samræmi við III. viðauka við ákvörðun 2004/453/EB, á markað að því tilskildu að þau verði komin á lokaviðtökustað fyrir þá dagsetningu.

8. gr.

Gildissvið

Ákvörðun þessi gildir frá 15. maí 2010.

9. gr.

Viðtakendur

Ákvörðun þessari er beint til aðildarríkjanna.

Gjört í Brussel 15. apríl 2010.

Fyrir hönd framkvæmdastjórnarinnar,

John DALLI

framkvæmdastjóri.

⁽¹⁾ Stjóð. ESB L 63, 7.3.2009, bls. 15.

I. VIÐAUKI

Aðildarríki og hlutar þeirra sem teljast laus við sjúkdómum sem eru skráðir í töflunni og þar sem landsráðstafanir til að koma í veg fyrir að þessir sjúkdómar berist þangað hafa verið samþykktar í samræmi við 2. mgr. 43. gr. tilskipunar 2006/88/EB

Sjúkdómur	Aðildarríki	Kóði	Landfræðileg afmörkun svæðisins sem fellur undir samþykktar landsráðstafanir
Vorveira í vatnakarpa (SVC)	Danmörk	DK	Allt yfirráðasvæðið
	Írland	IE	Allt yfirráðasvæðið
	Finland	FI	Allt yfirráðasvæðið
	Svíþjóð	SE	Allt yfirráðasvæðið
	Breska konungsríkið	UK	Norður-Írland, Mön, Jersey og Guernsey
Nýrnaveiki (BKD)	Írland	IE	Allt yfirráðasvæðið
	Breska konungsríkið	UK	Norður-Írland, Mön og Jersey
Brisdrep (IPN)	Finland	FI	Svæði inn til landsins á yfirráðasvæði þess
	Svíþjóð	SE	Svæði inn til landsins á yfirráðasvæði hennar
	Breska konungsríkið	UK	Mön
Sýking af völdum roðflyðrusýkils (GS)	Írland	IE	Allt yfirráðasvæðið
	Finland	FI	Vatnasvið Tenojoki og Näätämonjoki en vatnasvið Paatsjoki, Luttojoki og Uutuanjoki teljast sóttvarnabelti
	Breska konungsríkið	UK	Stóra-Bretland, Norður-Írland, Mön, Jersey og Guernsey

II. VIÐAUKI

Aðildarríki og hlutar þeirra sem hafa innleitt útrýmingaráætlanir að því er varðar tiltekna sjúkdóma í lagareldisdýrum og þar sem landsráðstafanir til að verjast þessum sjúkdómum hafa verið samþykktar í samræmi við 2. mgr. 43. gr. tilskipunar 2006/88/EB.

Sjúkdómur	Aðildarríki	Kóði	Landfræðileg afmörkun svæðisins sem fellur undir samþykktar landsráðstafanir
Vorveira í vatnakarpa (SVC)	Breska konungsríkið	UK	Stóra-Bretland
Nýrnaveiki (BKD)	Finnland	FI	Svæði inn til landsins á yfirráðasvæði þess
	Svíþjóð	SE	Svæði inn til landsins á yfirráðasvæði hennar
	Breska konungsríkið	UK	Stóra-Bretland
Brisdrep (IPN)	Svíþjóð	SE	Strandsvæði á yfirráðasvæði hennar